

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi, miðbær – hafnarsvæði, Grindavíkurbæ.

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 26. janúar 2016 breytingu á deiliskipulagi, miðbær – hafnarsvæði. Breytingin felur í sér að gatnamót Ránargötu og Hafnargötu verða víkkuð og bætt við umferðareyju á Ránargötu. Einnig felur breytingin í sér að byggingarreitur við Seljabót 3 stækkar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Grindavík, 9. febrúar 2016.*

**Róbert Ragnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. febrúar 2016